

Aðalfundur Skalla

félag smábátaeigenda á Norðurlandi vestra

haldinn á Siglufirði 30. september 2017

Ályktanir til 33. aðalfundar LS

Strandveiðar

Aðalfundur Skalla skorar á stjórnvöld að auka við aflaheimildir til strandveiða, þar sem fisk vantar í vinnslur yfir sumarið. Kom það áþreifanlega fram í ágúst sl.

Veiðigjald

Aðalfundur Skalla mótmælir harðlega hækkun veiðigjalda enda úr öllum takti við afkomu smábátaútgerðar á þessu ári.

Skalli skorar á stjórnvöld að breyta fyrirkomulagi við innheimtu veiðigjalda að kvótæigendur séu greiðendur en ekki þeir sem leigja kvótann til sín.

Makrill

Aðalfundur Skalla gerir kröfu um að makrílveiðar á króka verði gefnar frjálsar til veiða á allt að 16% af leyfilegum heildarafla.

AIS

Aðalfundur Skalla skorar á félagsmenn LS að fylgja fast eftir að nöfn báta séu rétt skráð í AIS kerfi.

Álögur

Aðalfundur Skalla mótmælir mjög íþyngjandi álögum ríkis og sveitarfélaga. Upphæð gjaldanna er komin yfir þolmörk. Skorað er á viðkomandi að endurskoða gjaldskrána þar sem tekið verði mið af erfiðleikum þessa útgerðarhóps í kjölfar lágs fiskverðs og margföldunar á veiðigjaldi.

Grásleppuveiðar

Aðalfundur Skalla leggur til að upphafstími grásleppuveiða á svæði E verði 10. febrúar.

Greinargerð.

Á undanförunum árum hefur meðafli farið vaxandi á hefðbundnum veiðitíma grásleppu á svæði E.

Grásleppusjómenn skýra það með aukinni loðnugengd á grunnslóð. Þá er það skoðun sjómanna að hækkandi sjávarhita hafi breytt göngumynstri hrognkelsa umtalsvert.

Vissa er fyrir því að ágætlega hrognafullar grásleppur hafa veiðst í rauðmaga og þorskanet í febrúar á síðustu árum. Á þeim tíma er loðna venjulega ekki gengin á hefðbundna veiðislóð hrognkelsa sem væntanlega myndi þýða minni meðafla.

Út frá framangreindu telur Skalli fyllilega tímabært að upphafstími grásleppuveiða verði færður fram.

Veiðikerfi

Aðalfundur Skalla leggst alfarið gegn öllum hugmyndum um breytingar á krókaafلامarkskerfinu með því að fella úr gildi veiðarfæratakmörkin sem í gildi eru.

Krókaafلامarksbátar njóta þeirrar óumdeildu sérstöðu að vera eingöngu heimilt að nota línu og er mikið ábyrgðarleysi að hrófla við slíku.

Aðalfundur Skalla hvetur markaðsmenn, fiskkaupendur og fiskseljendur að koma að þessu máli og mótmæla öllum hugmyndum um sameiningu veiðikerfa. Skalli bendir á að breytingar af þessu tagi verða til þess að útgerð verður einsleitari og skapi neikvætt orðspor fyrir íslenskan sjávarútveg.